

Reglur um úthlutun lóða í Húnaþingi vestra

1. gr.

Til að fá úthlutaðri lóð frá Húnaþingi vestra þarf umsækjandi að skila inn undirritaðri lóðarumsókn.

2. gr.

Eftir að lóð hefur verið úthlutað hefur umsækjandi sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi, að öðrum kosti fellur úthlutunin úr gildi.

3. gr.

Frá og með samþykkt þessara reglna falla allar aðrar lóðaúthlutunarreglur Húnaþings vestra úr gildi.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði 14. desember 2006

Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2006